

Fundargerð

32. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í D-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 21. janúar 2020.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri og Íris Björg Bryde verkefnastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin. Fundargerð sem lág fyrir, samþykkt.

2. RIG

Rætt um stöðu verkefna. Allt undir styrkri stjórn og stefnir í góðan RIG-dag.

3. Mí í langhlaupum

Rætt um erindi langhlaupanefndar. Vísað til næsta fundar eftir góðar umræður.

4. Samningur um tímatöku

Gjaldkeri og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir drögum að samning við „timataka.net“ vegna tímatökumála, endurskoðun fyrri samnings. Sagt frá viðræðum milli aðila.

5. Þjóðarleikvangur

Rædd staðan í ljósi breyttrar afstöðu mennta- og menningarmálaráðuneytisins um skipan starfshópa sbr. nýlega skipaðan starfshóp HSÍ og KKÍ með ráðuneytinu. Erindi FRÍ um staðfestingarferli þjóðarleikvangs hefur ekki verið svarað af Reykjavíkurborg sbr. reglugerð um þjóðarleikvanga. Ritara falið að fylgja málinu eftir á öllum vígstöðum.

6. Önnur mál

a. Starfsmannamál - Upplýsingamiðlun. Gert grein fyrir stöðu mála í ráðningu verkefnastjóra.

b. Ársþingið 2020 í Hafnarfirði. Gert grein fyrir undirbúningsatriðum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:45 með því að Aðalbjörg minnti á fundarseríuna á föstudögum.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.